

Málvísindi

Málvísindi eru kennd þrjár stundir á viku í 5. bekk fornmaladeildar. Námskeiðið skiptist í tvo jafnstóra hluta:

A. Haustmisseri: Almenn málvísindi

Markmiðið er að veita nemendum haldgott yfirlit um grunnþætti málvísinda. Stefnt er að því að nemendur þjálfist í notkun málfræðilegra hugtaka (á íslensku og erlendum málum) og lestri fræðilegs efnis um málfræði (á íslensku og erlendum málum). Lesefni:

- Haraldur Bernharðsson. 2011. *Inngangur að almennum málvísindum*. 3. útgáfa Reykjavík. [Fjölrit fáanlegt í bóksölu MR; ekki er hægt að nota eldri útgáfur.]
- ljósritað viðbótarlesefni (verður fáanlegt í bóksölu MR).

Fjallað verður um tungumál veraldar (1. kafli), eðli mannlegs máls (2. kafli), um samband máls og mannsheila (3. kafli), um orðmyndun og beygingar, sem einu nafni er nefnt orðhlutafræði (4. kafli), um setningagerð (5. kafli), merkingarfræði, (6. kafli), myndun og eðli máhljóða eða hljóðfræði (7. kafli), um ólík hlutverk máhljóðanna eða hljóðkerfisfræði (8. kafli), um máltöku barna (9. kafli) og mál og samfélag (10. kafli).

Meginlesefnið verður fjölrítið *Inngangur að almennum málvísindum* en auk þess verður dreift sérstöku viðbótarlesefni um afmarkaða þætti.

B. Vormisseri: Söguleg málvísindi

Markmiðið er að kynna helstu rannsóknaraðferðir í sögulegum málvísindum og fjalla um helstu tegundir málbreytinga. Dæmi verða sótt í íslenska, norræna og germanska málsögu eins og kostur er. Lesefni:

- Haraldur Bernharðsson. 2011. *Inngangur að sögulegum málvísindum*. 3. útgáfa. Reykjavík. [Fjölrit verður fáanlegt í bóksölu MR; ekki er hægt að nota eldri útgáfur.]
- ljósritað viðbótarlesefni (verður fáanlegt í bóksölu MR).

Fjallað verður um verkefni sögulegra málvísinda (1. kafli), um ritaðar málheimildir (2. kafli), um hljóðbreytingar (3. kafli), áhrifsbreytingar (4. kafli), aðkomuorð (5. kafli), breytingar á orðaforða (6. kafli), breytingar á setningagerð (6. kafli) og um málþróun og málstýringu (7. kafli).

Meginlesefnið verður fjölrítið *Inngangur að sögulegum málvísindum* en auk þess verður dreift sérstöku viðbótarlesefni um afmarkaða þætti.

Kennslufyrirkomulag

Kennsla verður að langmestu leyti í formi fyrirlestra; ekki er ætlast til að fyrirlestrarnir séu stífir og formlegir, heldur eru nemendur hvattir til að spyrja spurninga og koma á framfæri athugasemdum. Auk stuttra skyndiprófa verður haldið skriflegt miðannarpróf á hvoru misseri og lögð fyrir heimaverkefni úr námsefninu. Til að ná árangri er brýnt er að nemendur lesi jafnt og þétt og vinni öll verkefni af kostgæfni.

Námsgögn

Fjölritað kennsluefni verður fáanlegt í bóksölu MR eins og áður var getið. Heimaverkefni og glærur má nálgast á Innu.

Námsmat

Námsmat er tvíþætt, gefin er **námseinkunn** og **einkunn fyrir stúdentspróf**. Náms-einkunn vegur helming (50%) af loka-einkunn á móti einkunn fyrir frammistöðu á skriflegu stúdentsprófi.

Námseinkunn er samsett eins og hér segir:

- heimaverkefni og skyndipróf: 40%
- tvö miðannarpróf (eitt á hvoru misseri): 30%
- haustmisserispróf (jólapróf): 30%

Skriflegt stúdentspróf verður haldið í maí úr **öllu námsefni vetrarins**. Efni haustmisseris og vormisseris hefur þar jafnt vægi.

Kennari hefur aðsetur í Háskóla Íslands og þar er hægt að ná í hann í síma 525-4023 eða senda honum tölvupóst á <haraldr@hi.is>.